

# AUGLÝSING

um friðlýsingu Blikastaðakróar – Leiruvogs (ath. titil)

1. gr.

## Um friðlýsinguna

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur ákveðið, að tillögu Umhverfisstofnunar og með samþykki sveitarfélaganna og landeigendanna Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar, að friðlýsa Blikastaðakró-Leiruvog sem friðland í samræmi við 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Hið friðlýsta svæði, sem liggur innan Reykjavíkur og Mosfellsbæjar, hefur hátt verndargildi sem felst einkum í grunnsævi, víðáttumiklum leirum og miklum sjávarfítjum. Svæðið er mikilvægur viðkomustaður farfugla, einkum vaðfugla, og fóstora ríkulegt fuglalíf allt árið um kring m.a. ábyrgðartegundir fugla. Svæðið er einnig viðkomustaður landsela.

Fjörusvæðin einkennast af fjölbreyttum vistgerðum, leirum, þangfjörum, kræklingaáreyrum og sandfjörum sem eru lífauðugar og laða að fjölbreytt fuglalíf. Leirurnar eru meðal fárra óraskaðra leira á höfuðborgarsvæðinu. Í leirusetinu er ríkulegt samfélag sjávarhryggleysingja m.a. ýmis skeldýr og burstaormar, þ.m.t. hinn sjaldgæfi risaskeri. Auk þess að vera fuglum nauðsynlegar gegna leirur einnig mikilvægu hlutverki við að takmarka gróðurhúsaáhrif og önnur neikvæð áhrif loftslagsbreytinga en leirur binda gróðurhúsalofttegundir og er binding á flatareiningu mikil. Auk þess að geyma jafnframt sjávarfítjar sem eru með hátt verndargildi, finnast á svæðinu sjaldgæfar plöntutegundir og nokkuð er um þangfjörur á vestanverðu svæðinu sem einnig eru lítið raskaðar. Landslag er fjölbreytt og útsýni tilkomumikið og er svæðið vinsælt og aðgengilegt til útivistar, hvort heldur til náttúruupplifunar, fuglaskoðunar og/eða fræðslu.

Aðliggjandi austanverðu svæðinu er friðlandið við Varmárósa sem upphaflega var stofnað árið 1980 en hefur verið skráð á náttúruminjaskrá frá árinu 1978. Varmárósar er annar tveggja fundarstaða fítjasefs á Íslandi og geymir mikilvæg vistkerfi bæði fyrir fugla og sjaldgæfar plöntutegundir.

Friðlýsingin samræmist markmiði 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem kveðið er á um vernd líffræðilegrar fjölbreytni með því að viðhalda tegundafjölbreytni og vistfræðilegum ferlum.

Við ákvörðun um friðlýsingu var m.a. höfð hliðsjón af samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janeiro 1992, sbr. Stjórnartíðindi C 11/1995), samningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979, sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993), samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971, sbr. Stjórnartíðindi C 1/1978) og rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (sbr. Stjórnartíðindi C 14/1993 og 39/1993).

Hið friðlýsta svæði er 4,47 km<sup>2</sup> að stærð.

2. gr.

## Markmið friðlýsingarinnar.

Markmið friðlýsingar svæðisins er að viðhalda og vernda til framtíðar náttúrulegt ástand mikilvægs búsvæðis fugla og sjávarhryggleysingja auk líffræðilegrar fjölbreytni þess þannig að það fái þróast samkvæmt náttúrulegum lögmálum sínum og á eigin forsendum. Friðlýsingin miðar einnig að því að treysta útivistar-, rannsókn- og fræðslugildi svæðisins.

3. gr.

## Mörk friðlandsins.

Mörk friðlandsins eru sýnd á korti meðfylgjandi auglýsingu í viðauka I en nánari landupplýsingar, m.a. hnit, má nálgast hjá Umhverfisstofnun. Friðlýsingin nær til landsvæðis og sjávarsvæðis, þ.m.t. fjöru, hafsbots, lífríkis og vatnsbols.

4. gr.

*Umsjón með friðlandinu.*

Umhverfisstofnun hefur umsjón með friðlandinu í samræmi við 2. mgr. 13. gr. og 79. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun er heimilt, að höfðu samráði við landeigendur og sveitarfélögin Mosfellbæ og Reykjavíkurborg að gera umsjónarsamning um friðlandið, sbr. 1. mgr. 85. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Nánar skal fjallað um umsjón friðlandsins í stjórnunar- og verndaráætlun.

5. gr.

*Stjórnunar- og verndaráætlun.*

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í samvinnu við Mosfellsbæ, Reykjavíkurborg, Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar fagstofnananir og hagsmunaaðila, sbr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um umsjón svæðisins, verndaraðgerðir, aðgerðir til að bregðast við framandi og/eða ágengum tegundum, rannsóknir og vöktun, fræðslu, landnotkun, fráveitu, nýttar, aðgengi ferðamanna, þar á meðal aðgengi fólks með fötlun og umferð á landi og sjó, þar með talið umferð ríðandi, hjólandi, vatnatakja og dróna. Heimilt er að setja ítarlegri reglur í stjórnunar- og verndaráætlun. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið er háð staðfestingu ráðherra, sbr. 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

6. gr.

*Umferð um friðlandið.*

Almenningi er heimil för um friðlandið en er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið og fylgja þeim reglum sem gilda innan þess. Forðast skal að valda öðrum óþægindum eða truflun með hávaða. Gestir skulu ætíð sýna aðgát gagnvart dýralífi og náttúrufari á svæðinu. Sérstakrar aðgátar er þörf á varptíma fugla.

Næturdvöl og tjöldun er óheimil innan friðlandsins.

Óheimilt er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega, sbr. þó undanþágur 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Notkun vélknúinna vatnatakja (s.s. sjókatta, sæþota o.þ.h.) er óheimil innan friðlandsins, nema með leyfi Umhverfisstofnunar, að undanskildum leitar- og björgunaraðgerðum.

Hundar skulu hafðir í taumi innan friðlandsins, að undanskildum leitar og björgunarhundum að störfum. Þess skal gætt að hundar og önnur gæludýrvaldi ekki truflun á lífríki svæðisins, skemmdum á náttúru eða valdi gestum ónæði. Umráðamönnum er skylt að fjarlægja úrgang frá gæludýrum á svæðinu.

Flug fjarstýrðra loftfara (dróna) er óheimilt í friðlandinu á varptíma og fartíma, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilin er notkun fjarstýrðra loftfara vegna almannahagsmuna og leitar- og björgunaraðgerða. Að öðru leyti skal farið með notkun ómannaðra loftfara (dróna) samkvæmt reglugerð nr. 990/2017 um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Varptími og fartími skal skilgreindur í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið.

Nánar skal fjallað um umferð, þ.m.t. hjólreiðar í stjórnunar- og verndaráætlun.

7. gr.

*Umgengni um friðlandið.*

Óheimilt er að skilja eftir eða urða úrgang innan friðlandsins og skal allur úrgangur tekinn með út af svæðinu.

Öll meðferð elds er óheimil á svæðinu.

8. gr.

*Rannsóknir og vöktun.*

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun lífríkis í friðlandinu í samræmi við 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar. Skýrslur um niðurstöður rannsókna og vöktunar skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun.

Aðrar rannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og lögbundnar rannsóknir fagstofnana sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Niðurstöður rannsókna skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Veiting leyfa vegna rannsókna á menningarminjum fer eftir lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

Nánar skal kveðið á um rannsóknir og vöktun í stjórnunar- og verndaráætlun.

9. gr.

*Fræðsla.*

Umhverfisstofnun, í samráði við Mosfellsbæ og Reykjavíkurborg, hefur umsjón með gerð fræðsluefnis um friðlandið. Þar skulu meðal annars koma fram upplýsingar um verndargildi og sérstöðu svæðisins og þær umgengnisreglur sem þar gilda.

Nánar skal kveðið á um fræðslu í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið.

10. gr.

*Verndun dýralífs, gróðurs og jarðminja*

Vernda skal lífríki friðlandsins, líffræðilega fjölbreytni þess og vistkerfi.

Óheimilt er að trufla dýralíf eða raska gróðri, á landi, í fjöru og í sjó.

Óheimilt er að sleppa, dreifa eða rækta framandi og/eða ágengar lífverur í friðlandinu, þ.m.t. að rækta framandi plöntutegundir innan marka þess, sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda og lög nr. 54/1990 um innflutning dýra.

Eldi sjávardýra innan friðlandsins er óheimilt.

Unnið skal að því, eftir því sem kostur er, að fjarlægja framandi tegundir sem hafa verið fluttar inn á svæðið eða berast inn á það og ógnað geta innlendum vistkerfum, búsvæðum eða tegundum friðlandsins.

Allt rask á jarðminjum er óheimilt nema með sérstöku leyfi, sbr. 12. gr.

Nánar skal fjallað um verndun gróðurs og dýralífs, fyrirbyggjandi aðgerðir og upprætingu framandi og/eða ágengra tegunda í stjórnunar- og verndaráætlun.

11. gr.

*Verndun menningarminja.*

Um menningarminjar og vernd þeirra fer skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

12. gr.

*Landnotkun og mannvirkjagerð.*

Allar athafnir og framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á svæðinu, sem áhrif kunna að hafa á verndargildi friðlandsins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, leyfi Mosfellsbæjar og Reykjavíkurborgar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki sem og leyfi landeigenda. Framkvæmdir kunna einnig að vera háðar leyfi Minjastofnunar Íslands, sbr. 11. gr.

Við landnotkun og mannvirkjagerð skal miða að því eins og kostur er að framkvæmdir séu afturkræfar, að þær stuðli að verndun friðlandsins.

Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða eða samkomuhalds.

Nánar skal fjallað um landnotkun og mannvirkjagerð þ.m.t. fráveitur og viðhald þeirra í stjórnunar- og verndaráætlun.

13. gr.

*Veiði, nýting hlunninda og notkun skotvopna.*

Öll meðferð skotvopna er bönnuð innan friðlandsins, nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Þó er heimilt að veiða mink í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og á vegum viðkomandi sveitarfélags og í samráði við Umhverfisstofnun. Einnig er heimilt að halda ref í skefum ef nauðsyn krefur til að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994.

Umhverfisstofnun, í samráði við viðkomandi sveitarfélag, er heimilt að veita leyfi til veiða framandi ágengra tegunda í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Veiði og notkun skotvopna skal ávallt vera í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og stjórnvaldsfyrirmæli.

Hlunnindanýting er heimil eins og verið hefur og skal vera í samræmi við sett lög og stjórnvaldsfyrirmæli þar um. Við nýtingu hlunninda skal hafa sjálfbærni að leiðarljósi.

Nánar skal fjallað um veiði, nýtingu hlunninda og notkun skotvopna, í stjórnunar- og verndaráætlun.

14. gr.

*Viðurlög*

Um brot gegn friðlýsingunni fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

15. gr.

*Gildistaka.*

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Staður, dagsetning

Umhverfis- og auðlindaráðherra